



Stærðfræði 10. bekkur 2024 -2025

Lýsing

Kennslustundir eru 4 x 60 mínútur á viku. Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Hæfni í stærðfræði felst í að hafa ljósan skilning á stærðfræði, geta spurt og svarað með henni og notað tungumál og verkfæri hennar. Til þess að öðlast þessa hæfni þurfa nemendur að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði, trú á eigin getu og rækta með sér það viðhorf að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg. Í því felst að geta leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og setja fram stærðfræðileg líkön. Unnið er með stærðfræðilegar aðferðir sem nýtast í daglegu lífi, mynstur og kerfi, rökhusun og táknmál stærðfræðinnar. Námsþættir vetrarins eru fjármál, rúmfræði og hönnun, algebra og jöfnur, föll og líkindi. Notast verður við upplýsingatækni og efni miðlað til nemenda á Google Classroom. Markmið að virkja nemendur bæði á neti og í kennslustundum.

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, hóp- og stöðvavinnu ásamt verkefnavinnu og verkefnaskilum. Einnig verða myndbönd og annað námsefni á Google classroom. Ef ekki næst að ljúka við áætlun í kennslustundum þarf að gera það heima. Upplýsingar um heimavinnu eru settar inn á Mentor.

Námsefni og gögn

Skali 3A og 3B, nemendabækur og æfingahefti, Vinkill, Almenn stærðfræði, Átta-tíu ásamt efni frá kennurum. Einnig er stuðst við excel í tölvuvinnslu og annað rafrænt efni.

Námsmat

Námsmat er unnið skv. aðalnámsskrá og gefið í bókstöfum D-A. Það samanstendur af kaflaprófum og verkefnaskilum, hópaverkefnum, stöðvavinnu í kennslu, þrautalausnum o.fl. Einnig verða minni verkefni á Google Classroom.

Kennarar

Bjarni Sævar Þórsson, Sigurlaug Hauksdóttir og Guðrún Þóra Bjarnadóttir sérkennari.